

Kjarnagildi og siðareglur Sparisjóðs Þingeyinga

Laugum 15. október 2025

1. gr. Hlutverk og gildi

Hlutverk Sparisjóðs Þingeyinga ses. er að stunda sjálfbæra svæðisbundna fjármálastarfsemi á grundvelli samfélagslegarar ábyrgðar, starfsemi sem stendur vörð um og þróar atvinnulíf, mannlíf og velferð stafssvæðisins. Starfssvæði sjóðsins er skilgreint sem Þingeyjarsýslur. Kjarnagildi sjóðsins eru heilindi, jákvæðni og virðing. Þessi kjarnagildi skulu höfð að leiðarljósi í öllu starfi sparisjóðsins og styðja stefnu hans og markmið.

2. gr. Almenn

Siðareglur sparisjóðsins eru grunnviðmið góðra viðskiptahátta og siðferðis starfsmanna. Viðmiðin gilda um samskipti starfsmanna við viðskiptavini, samstarfsmenn, eftirlitsaðila, stofnfjárhafa, samkeppnisaðila og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Siðareglurnar eru leiðbeinandi um hvernig starfsmenn skulu bregðast við siðferðilegum álitamálum.

Siðareglurnar eiga við um alla starfsmenn sparisjóðsins og einnig verktaka og umboðsmenn sem vinna fyrir sparisjóðinn eða koma fram fyrir hönd sparisjóðsins. Siðareglur þessar eru grunnur mannauðsstefnu, starfsreglna og verklagsreglna sparisjóðsins.

Siðareglum sjóðsins er ætlað að styðja við hlutverk og gildi hans og eiga að stuðla að gagnkvæmu trausti milli starfsmanna, viðskiptavina og annarra sem koma að starfsemi sjóðsins. Reglunum er jafnframt ætlað að stuðla að góðri fyrirtækjamenningu og skerpa samfélagshlutverk hans.

Stjórn sparisjóðsins hefur skuldbundið sig til að fylgja þessum reglum og skapa starfsmönnum starfsumhverfi og aðstæður til að fylgja þeim.

3. gr. Skyldur stjórnenda

Siðareglur sparisjóðsins eru grunnviðmið góðra viðskiptahátta og ber stjórnendum að sýna gott fordæmi og fylgja þeim í hvívetna. Reglurnar ber að rýna og endurmeta og skulu stjórnendur hvetja til umræðu og rökfærslu um álitamál.

Ef starfsmaður vill koma á framfæri nafnlausri tilkynningu um hugsanlegt misferli, lögbrot, brot á reglum sjóðsins eða annað sem telja verður misjafnt eða vafasamt af hálfu samstarfsmanns, stjórnarmanns eða annars er vinnur á vegum sjóðsins getur hann leitað til óháðs aðila í endurskoðunar og áhættunefnd sjóðsins. Þarna er átt við nefndaraðila sem ekki situr í stjórn sparisjóðsins. Stjórnendum ber að sjá til þess að starfsmenn séu upplýstir um þennan möguleika, hvar og hvernig þeir geti nýtt sér hann án þess að eiga á hættu að upplýsingar um þá tilkynningu séu aðgengilegar öðrum en viðkomandi nefndaraðila. Honum ber að rannsaka málið og getur leitað fulltingis starfsmanna, endurskoðenda, stjórnar, annarra nefndarmanna eða utanaðkomandi yfirvalds við þá rannsókn eftir því hvað þurfa þykir. Umfang slíkrar rannsóknar skal byggð á alvarleika máls og skal ekki leiða til uppljóstrunar um tilkynnanda nema að undangenginni dómskvaðningu eða með undirrituðu samþykki starfsmanns ef nauðsyn krefur.

Óheimilt er að refsa starfsmönnum sem tilkynna í góðri trú um ætluð brot annarra.

Brot og frávik frá starfs- og siðareglum sjóðsins geta eftir atvikum haft í för með sér áminningu til starfsmanns eða brottrekstur. Stjórnendur sjóðsins bera ábyrgð á að starfsfólk þekki starfsumhverfi og reglur sjóðsins.

4. gr. Siðareglur

1. Við öxlum samfélagslega ábyrgð. Við stuðlum að trausti og virðingu með ábyrgri starfsemi og skynsemi að leiðarljósi. Við fylgjum sanngjörnum reglum samfélagsins og temjum okkur gagnrýna hugsun, heiðarleika, hófsemi, ráðvendni, og varfærni. Við stuðlum að uppbyggingu

á starfsvæði sjóðsins og styðjum velferðarmál, menningu, æskulýðs- og íþróttastarf og annað sem styrkir stoðir samfélagsins sem við þjónum.

2. Við erum staðráðin í því að láta óréttmæta viðskiptahætti aldrei viðgangast. Í því felst að taka þátt í innlendum sem alþjóðlegum aðgerðum gegn svikum, spillingu, peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og annarri glæpastarfsemi. Ætluð brot verða tilkynnt til réttra aðila og unnið að aukinni samvinnu sem bætt gæti varnir sjóðsins.
3. Við metum okkar viðskiptavinum og virðum. Samskipti eiga að helgast af heilindum til að tryggja hag beggja. Við hlustum á þarfir og tókum mark á athugasemdum og ábendingum og lærum af þeim og bregðumst við af sanngirni. Við ráðleggjum út frá hagsmunum viðskiptavina og þjónustum þá eftir bestu getu.
4. Við mismunum ekki viðskiptavinum eða samstarfsfólki á grundvelli kynþáttar, litarháttar, sjúkdóma, fötlunar, þjóðernis, aldurs, kynhneigðar, trúar, stjórnmálaskoðana, þjóðfélagsstöðu eða annars.
5. Við bjóðum ekki verðmæti, gjafir eða annað sem ætla mætti að séu til að hafa áhrif á, laða að eða halda viðskiptum og tryggja eðlilegan ávinning.
6. Allar gjafir viðskiptavina til starfsmanna geta orkað tvímælis. Við þyggjum því ekki gjafir, fyrirgreiðslu eða þjónustu sem getur haft áhrif á dómgreind okkar í starfi. Meðferð gjafa skal vera í samræmi við reglur sjóðsins.
7. Við erum umburðarlynd, tókum tillit til ólíkra sjónarmiða og leyfum hæfileikum hvers og eins að njóta sín. Við viljum auðga og styrkja starf okkar og samfélagið sem við búum í.
8. Við ætlum að byggja upp góða liðsheild og starfsanda. Okkur er umhugað um samstarfsfólkið, viðskiptavinina og aðra sem tengjast starfsemi okkar. Við sýnum hvort öðru sanngirni, samkennd og virðingu.
9. Við stuðlum að uppbyggilegu starfsumhverfi sem styður við velferð starfsfólks. Munum gæta þess að komið sé fram af virðingu og að starfsfólk verði ekki fyrir einelti, áreiti, ofbeldi eða annars konar lítilsvirðingu af neinu tagi.
10. Við látum persónulega hagsmuni eða skoðanir ekki hafa áhrif á störf okkar og misnotum ekki aðstöðu okkar til þess að afla okkur eða okkur tengdum ávinnings.
11. Við skiljum að hagsmunir fara ekki alltaf saman. Við beitum því skynsemi og dómgreind til að átta okkur á mögulegum hagsmunaaðrekstrum og koma í veg fyrir þá.
12. Við vinnum af fagmennsku, erum heiðarleg og berum virðingu fyrir viðskiptavinum, sparisjóðnum, samstarfsaðilum og öðrum hagsmunaaðilum. Við leitum upplýsinga og þekkingar, fylgjum lögum, reglum, viðurkenndum starfsháttum, siðareglum og öðrum viðmiðum sem eiga við hverju sinni.
13. Við þekkjum og ræðum siðferðileg álitamál sem snerta starf okkar.

14. Öryggi persónuupplýsinga er í hávegum höfð innan sjóðsins og er lögð mikil áhersla á að farið sé með slíkar upplýsingar í samræmi við lög og reglur um persónuvernd. Við gætum jafnræðis og fjöllum um mál viðskiptavina af nærgætni og trúnaði.
15. Sparisjóðurinn setur sér reglur um meðferð upplýsinga og öryggismál vegna upplýsingatæknimála. Gætt er að öllum öryggiskröfum til að tryggja upplýsingaöryggi og rekstraröryggi sjóðsins. Starfsfólk sjóðsins fylgir þeim reglum sem settar eru þar um.
16. Við skiljum og virðum mikilvægi gagnsæis á fjármálamarkaði og fylgjum þeim lögum sem gilda um samkeppni og aðgang að upplýsingum.
17. Við erum bundin þagnarskyldu um allt sem við fáum vitneskju um í starfi sem varðar viðskipti eða einkamál viðskiptavina, nema lagaleg skylda kveði á um annað. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.
18. Við hagnýtum okkur ekki upplýsingar á annan hátt en viðskiptavinum hefur verið kynnt, né veitum óviðkomandi aðgang að gögnum sem viðskiptavinir hafa trúað okkur fyrir.
19. Við vinnum í umboði okkar heimilda innan sjóðsins, virðum reglur og leiðbeiningar er varða starf og umgengni um eignir sjóðsins. Eignir bankans eru eingöngu nýttar í þeim tilgangi sem þeim er ætlað.
20. Okkur er ljóst að orðspor Sparisjóðs Þingeyinga er ein dýrmætasta eign hans. Okkur ber að efla það og varðveita með því að skapa góðan vinnustað, með öflugu og jákvæðu starfsfólki sem heldur uppi góðri og ábyrgri þjónustu. Starfsfólki sem hefur getu, skynsemi og dómgreind til að fylgja reglum ekki í blindni heldur með gagnrýnum hug þannig að bæta megi en fylgja þeim ella ef ekki er talin þörf á úrbótum. Starfsfólki sem hlustar, heyrir og kemur á framfæri ábendingum sem leitt gætu til úrbóta.
21. Við berum virðingu fyrir okkar nærumhverfi og vinnustaðnum. Erum snyrtileg og göngum snyrtilega um. Höldum starfsstöð skipulagðri þannig að hún nýtist sem best og förum vel með trúnaðargögn sem ekki skulu skilin eftir þegar starfsstöð er yfirgefin í lok dags.
22. Við höldum sjóðnum vímuefnalausum, reykingar og önnur notkun tóbaks eða nikótínvara í eða við húsakynni sjóðsins eru óheimilar.

Reglur þessar voru samþykktar í stjórn Sparisjóðs Þingeyinga ses. þann 15. október 2025 og taka þær þegar gildi.

Stjórn Sparisjóðs Þingeyinga ses.